

Afrit af tölvupósti frá foreldri:

From: Ingibjörg Ösp Jónasardóttir <ospjonasar@gmail.com>

Sent: miðvikudagur, 19. febrúar 2025 13:15

To: Anna Birna Snæbjörnsdóttir - sviðstjóri menntasviðs <annabs@kopavogur.is>; Ásdís

Kristjánsdóttir - bæjarstjóri <Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is>

Cc: Victor Berg Guðmundsson - deildarstjóri frístundadeildar

<victor.berg.gudmundsson@kopavogur.is>; Andri Steinn Hilmarsson - bæjarfulltrúi

<Andri.Steinn.Hilmarsson@kopavogur.is>; Bergljót Kristinsdóttir - bæjarfulltrúi

<bergljot@kopavogur.is>; Elísabet Sveinsdóttir - forseti Bæjarstjórnar

<Elisabet.Berglind.Sveinsdottir@kopavogur.is>; Helga Jónsdóttir - bæjarfulltrúi

<Helga.Jonsdottir@kopavogur.is>; Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi <hjordis.yr@kopavogur.is>;

Kolbeinn Reginsson - bæjarfulltrúi <Kolbeinn.Reginsson@kopavogur.is>; Orri Vignir Hlöðversson -

formaður bæjarráðs <Orri.Hlodversson@kopavogur.is>; Sigurbjörg Erla Egilsdóttir - bæjarfulltrúi

<sigurbjorg.erla@kopavogur.is>; Theódóra Þorsteinsdóttir - bæjarfulltrúi

<theodora.thorsteins@kopavogur.is>; Björg Baldursdóttir - skólastjóri <bjorgb@kopavogur.is>

Subject: Þeba- félagsmiðstöð Smáraskóla

Góðan dag,

Ingibjörg Ösp heiti ég, hjúkrunarfræðingur og framhaldsskólakennari, ég á tvo drengi í Smáraskóla í Kópavogi (einn í 7. bekk og annan í 10. bekk). Strákarnir mínir hafa verið í Smáraskóla frá haustinu 2020 en hingað í Kópavoginn flytjum við að austan og hér elskum við að vera.

En tilgangur með þessu erindi er ekki til að tala um hagi okkar fjölskyldunnar heldur til að senda **stórt hrós** á þebu félagsmiðstöð Smáraskóla. Strákurinn minn sem er í 10. bekk hefur sótt félagsmiðstöðina núna tvisvar til þrisvar sinnum í viku frá því í byrjun áttunda bekkjar, sem eru þá að verða þrjú ár núna, og mun yngri strákurinn minn svo fá tækifæri á komandi hausti þegar hann byrjar í 8. bekk.

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar gerir sér örugglega grein fyrir mikilvægi félagsmiðstöðvar eins og þebu fyrir unglingana okkar en í þessu erindi vil ég ítreka það. Minn strákur stendur hvergi völtum fæti, æfir fótbolta með Breiðablik og er vinnu margur en þeba heldur utan um þessa krakka og þjappar bekkjarséðum saman. Þetta er þeirra samveru- og gríðastaður tvisvar til þrisvar sinnum í viku en ekki bara það heldur sinnir þeba einnig mikilvægu forvarnarstarfi og hefur starfsfólk þebu einstaklega góð áhrif á þennan viðkvæma og áhrifagjarna aldurshóp. Stórt og mikið hrós fær Dúna forstöðumaður þebu fyrir að vera alltaf boðin og búin að gera allt fyrir krakkana sína í félagsmiðstöðinni.

Hins vegar er þessi póstur áskorun til bæjarstjóra og bæjarráðs að endurskoða opnunartíma þebu. Þeba er í dag opin alla mánudaga og miðvikudaga og annan hvern föstudag. Ég skora á ykkur að endurskoða opnunartíma félagsmiðstöðva í Kópavogi og hafa þær opnar öll virk kvöld. Það er ekki sanngjarnt fyrir unglinga sem til dæmis æfa íþróttir á þessum opnunarkvöldum að hafa aldrei tækifæri til að sækja sína félagsmiðstöð.

Hér á mínu heimili má aldrei missa úr félagsmiðstöðvarkvöldi en þar sem að minn strákur er kominn upp í 3. flokk í fótbolta eru æfingar oft til 21.00 á kvöldin en þá gefst þó tími til að stoppa við í þebu í klukkutíma á leiðinni heim af æfingu og það er alltaf gert en það sama á ekki við um alla unglinga í hverfinu sem æfa aðrar íþróttir, list eða stunda tónlistarnám eða hvað annað.

Ég vil með þessum pósti vekja athygli á hversu gríðarlega mikilvægur staður þeba er fyrir krakkana í hverfinu okkar og hvað það er gott fyrir okkur foreldra þessa aldurshóps að vita af þeim á kvöldin í öruggum höndum þebustarfsfólks en það svo sannarlega mætti vera oftari en tvö kvöld eina vikuna og þrjú kvöld hina vikuna.

Með von um að þessi póstur verði allavega til þess að opna umræðuna um fjölgun á opnunartíma félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Með góðri kveðju,
Ingibjörg Ösp Jónasardóttir